



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
við  
opnun bókasýningarinnar í  
Frankfurt  
11. október 2011**

Virðulegu ráðherrar  
Borgarstjórar  
Forysta bókasýningarinnar  
Rithöfundar og útgefendur  
Góðir gestir

Í þúsundir ára beið einbúinn í Atlantshafi, undraveröld sem menn höfðu aldrei augum litið, umbrot elds og ísa sífellt að bylta náttúrunni, dalir og engi sígræn að vori en ósnert að hausti, fuglar einu gestirnir frá öðrum löndum, stöku refir á vappi og kannski einmana ísbjörn sem kom með rekís frá Grænlandi, strandaglópur á nafnlausri eyju.

Ísland, yngsta verkefnið í sköpunar jarðar, hlaut nafn sitt þegar víkingarnir komu yfir hafið til að setjast um kyrrt og hófu að skíra fjöll og firnindi, fossa og fallvötn, víkur og flóa, holt og hæðir; klæða landið í búning tungumálsins; afkomendur sagnafólk og fræðapulir sem teygðu sig aftur til upphafsins enda minningar um fyrstu aldir Íslandsbyggðar innan seilingar; ekki í fjarlægri fortíð.

Ólíkt miðaldahöfundum Evrópu gátu skrásetjarar hinna fornu íslensku sagna rakið ættir sínar til þeirra sem fyrstir námu landið, höfðu staulast upp fjöruborðið, óstyrkir af sjóriðu eftir velting í litlum skipum á opnu hafi, í farteskinu minningar um ævintýri og átök í fjarlægum löndum.

Fyrstu bækurnar sem þjóðin fékk um sína sögu, Íslendingabók og Landnáma, birta frásagnir um þessa tíma; sagnirnar varðveist í minni kynslóðanna enda bændum nauðsyn að þekkja mörkin milli jarða, geta

rakið ættarslóð til þeirra sem fyrstir slógu eign sinni á heiðar og dali, vötn og mýrar.

Eyjan sem landflóttá og eignalitlir menn gerðu að sinni varð í sögunum eins konar paradís: héruðin fögur og fríð, skógar milli fjalls og fjöru, fiskur í ám, reki að vild, veiðistöð í hverjum firði.

Það var gæfa Íslendinga að eignast slíkar bækur um upphaf sitt, verða þjóð sem fann í þeim sjálfa sig.

Hinar fornu sögur urðu síðar notadrjúgt veganesti á öldum eymdar, eldgosa og erlendrur áþjánar, uppsprettur kraftsins sem loks mótaði kröfurnar um fullan rétt. Án bókmenntanna er til efs að Ísland hefði orðið sjálfstætt ríki.

Þjóðin innréttuði torfbæi fyrri tíðar með skáldskap sem átti rætur í þessari fornu sagnaveröld; huldi fátækt og basl, örvæntingu og einangrun með ljóðum og texta.

En sögurnar og Eddukvæðin urðu líka áhrifarík við mótun evrópskrar menningar. Í óperum og myndlist, bókmenntum, vefnaði og fleiri greinum, bæði hér í Þýskalandi og víðar í álfunni má greina margbrotin tengsl við hinn íslenska arf; fjöldi listamanna sótti þangað aga, efni og fyrirmyndir.

Kynngikrafturinn birtist okkur svo á hverju ári þegar þessi fornu rit eru heima á Íslandi efniviður í ný leikrit, skáldsögur, dansverk og tónlist.

Bókasýningin hér í Frankfurt hefur og orðið hvati að nýjum þýskum þýðingum og útgáfu á Íslendingasögum og ber að þakka heilshugar öllum sem staðið hafa að því góða verki, gleðjast yfir því að auk nýrra þýðinga á tungur Norðurlanda – dönsku, norsku og sænsku – sem væntanlegar eru innan tíðar og hinnar ensku heildarútgáfu sem helguð var þúsund ára afmæli landafunda í vestri, geti allir þeir sem eiga þýsku að móðurmáli sökkt sér í nýjar þýðingar, kynnst arfinum sem okkar fámenna þjóð færði Evrópu.

Fyrir okkur er líka gleði í því fólgin að sjá í fjölbreyttu og stóru safni bóka sem gefnar hafa verið út í aðdraganda sýningarinnar hið skýra samhengi í íslenskum bókmenntum, bæði verk höfunda sem voru á vettvangi þegar nútíminn hélt innreið sína og skáldanna sem glíma við ögrandi umbrot síðustu ára.

Hvað rekur litla þjóð til að vera svo umsvifamikil á akri hins ritaða máls, í ljóðlist og skáldskap, fræðiritum og frásögnum?

Getur slíkt samfélag mælt sig til jafns við aðra á vettvangi þar sem bókmenntir heimsins eru leiddar saman?

Slíkar spurningar eiga ekki aðeins erindi við okkur Íslendinga heldur líka veröldina, hundruð tungumála sem heyja harða baráttu fyrir rétti sínum og tilveru.

Sess Íslands hér í Frankfurt er því í senn heiður fyrir okkar litlu þjóð, heiður sem við þökkum af alhug, og skilaboð til allra manna hvar sem heimalönd þeirra kunna að vera, skilaboð um að garður skáldskaparins er margrar gerðar, ýmist smár eða víðáttumikill, ungur eða forn, nýræktin jafn gild og gamlir stofnar.

Heiðursess Íslands í Frankfurt er merki þess að hinn smæsti garður getur líka fært veröldinni skrautblóm og nytjajurtir, bókmenntir, skáldskap og fræðaiðkun sem stenst snúning því sem birtist í stærri málsamfélögum.

Íslendingar hafa reyndar á vissan hátt verið sagnaóðir; ekkert gerist að okkar dómi fyrr en það hefur verið fært í letur. Áráttan að varðveita í texta atburði og augnablik, jafnvel lífshlaups sérhvers manns, er sterk í okkar vitund. Aldið og virðulegt dagblað leggur drjúgan hluta, margar blaðsíður, á hverjum degi undir minningargreinar um einstaklinga, kveðjuljóð frá ættingjum og kærur vinum. Sérhvert líf verðskuldar að vera munað og árlega birtast í bókum sagnaþættir um einstaklinga, ættfræði, íbúa í ýmsum byggðum, fróðleikur sem verður að undirstöðum og áttavita.

Rithöfundarnir vaxa svo úr þessum jarðvegi, öðlast þroska með aðhaldi frá kröfuhörðum lesendum enda þrífast bókmenntirnar fyrst og fremst í hugum fólksins, á heimilum þar sem ungir og aldnir lesa saman, þar sem bókaskápurinn er helgistaður.

Það er einnig boðskapur Íslands hér í Frankfurt; myndirnar frá heimilum alþýðufólks og hinna með háskólagráður. Þær sýna bækur í alls konar hillum, bækur í röðum og aðrar á ská, bækur snjáðar af lestri eða enn í hátíðarkápum.

### **(hér kemur myndband)**

Að sæta hörðum dómi lesendanna í návíginu heima hefur verið hinn strangi skóli íslenskra skálda, aginn sem færði Halldóri Laxness Nóbelsverðlaun og hvetur enn um þessar mundir fjölmarga íslenska höfunda sem halda á miðin í öðrum löndum.

Þeir hafa svo launað uppeldið með bókum sem eru sífelldur efniviður í sjálfsmynd þjóðar, kjölfesta í ölduróti breytinga og vegvísar til nýrra átta; bækur sem ár af ári móta skilning okkar á vanda þess og vegsemd að vera Íslendingur eins og Sigurður Nordal orðaði það í höfuðverki sínu Íslensk menning.

Sjálfstætt fólk, bók Halldórs Laxness um bóndann á harðbýlli heiðajörð, skáldverk sem margir telja meðal hins besta í heimsbókmenntum liðinnar aldar, og Íslandsklukkan, sagan um alþýðumanninn Jón Hreggviðsson, handritarasafnarann Arnas Arneus og hina hrífandi og skapheitu Snæfríði Íslandssól hafa haft meiri áhrif á sjálfsmynd Íslendinga en þúsund ræður.

Persónur úr bókum margra skálda hafa lifað með þjóðinni, verið hluti hins daglega lífs, samræðna á vinnustöðum; Erlendur lögga í bókum Arnaldar Indriðasonar nú um árabíl góðkunningi flestra Íslendinga enda rammíslenskur og jafnvel forn í skapi; hefur á umliðnum árum eignast milljónir vina í öðrum löndum, lifandi sönnun þess að bókmenntir sem eru trúar sinni heimaslóð geta náð hylli á heimsvellinum.

En höfundarnir hafa einnig nýtt sér mannfólkið til að skapa. Fátækur hagræðingur vestur á fjörðum varð að skáldinu í Heimsljósi Halldórs Laxness; óþekkt nöfn úr kirkjubókum gerð ódauðleg í sagnabálki; algeng skemmtun á heimilum að finna hverjir eru fyrirmyndir í nýjum verkum. Oft er þrautin frekar létt og hér í Frankfurt birtist fyrsti forseti lýðveldisins í þýskri útgáfu nýrrar skáldsögu.

Þannig er vefurinn spunninn í báðar áttir: fólk þýður persónur bókanna velkomnar í hversdagsleikann, veitir þeim sess í samfélagi hverrar byggðar, og höfundarnir sækja efnivið í smiðju hins íslenska veruleika og gera að bókmenntum sem aðrir meta mikils.

Ein bók getur um aldir mótað örlög þjóðar – og gæfu einstaklinga; fylgt okkur alla ævi.

Bækurnar eru í senn menning okkar og aflgjafi, rætur og uppspretta nýsköpunar. Þær eru við sjálf.

Ég færi öllum sem hér í Frankfurt hafa komið að góðu verki og annast undirbúning einlægar þakkir íslenskrar þjóðar.

Heiðurssætið sem Ísland skipar er viðurkenning sem við metum mikils, vináttuvottur sem við munum lengi hafa í minnum, bautasteinn helgaður þeim sem á fyrri öldum skráðu sögur á skinn og viðurkenning á gróskumikilli uppskeru skáldanna sem mótað hafa okkar tíma, hvatning ungum höfundum um að vera í glímunni við þá mælistiku sem heimurinn telur besta ávallt trú sínu fólk.